



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 11. júlí 2017
2017020017

Efni: Umsögn byggingafulltrúa

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumanninum á Ísafirði, 13.06.2017, þar sem umsagnar Ísafjarðarbæjar á umsókn Páls Stefánssonar f.h. Nývaka e.h.f. vegna rekstrarleyfis fyrir gistingu í flokki III, í sumarhúsi í landi Kirkjubóls í Korpudal Önundarfirði, fasteignanúmer 212-6108. Um er að ræða tegund gististaðar í flokki C sem er minna gistiheimili. Fjöldi gesta er ótilgreindur.

Gististaður í flokki III er gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.

Byggingin er skráð á byggingarstig 7 í þjóðskrá sem merkir fullgerð bygging og allar teikningar liggja fyrir.

Kirkjuból í Korpudal, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ er lögbýli í ábúð og er á svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og er eitt af markmiðum skipulagsins að efla tengsl og ferðaþjónustu.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemd við rekstrarleyfi með vísan í umsögn dags. 04.07.2017.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemd við umsókn, með vísan í umsögn dags. 19.06.2017

Að teknu tilliti til umsagna Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar gerir embætti skipulags- og byggingafulltrúa ekki athugasemd.

Virðingarfyllst,



Axel Rodríguez Överby

- skipulags- og byggingafulltrúi -

BYGGINGARFULLTRÚA